



Fundur í hafnarnefnd

13. fundur hafnarnefndar haldinn að Fjarðarvegi 3 Þórshöfn þriðjudaginn 13. október 2020. Fundur var settur kl. 15:50.

Mættir voru: Halldór Rúnar Stefánsson, Árni Bragi Njálsson, Jónas Jóhannsson og Jónas Egilsson hafnarstjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og spurði hvort athugasemdir væru gerðar væru við fundarboð. Svo var ekki.

Fundargerð

1. Dýptarmælingar í Þórshöfn

Lögð fram teikning sem sýnir stöðu dýpkunarframkvæmda eins og hún var mæld þegar síðasta úthaldi lauk, 2. október sl.

Einnig lagt fram kostnaðaráætlun við dýpkunarframkvæmdir við smábátabryggjussvæðis, um 2,5-3,5 m.kr. Áætlaður kostnaður sveitarfélags er um kr. 7-800 þús.

Bókun um afgreiðslu: Nefndin mælir með því að innsiglingin, viðlegukantar og snúningssvæði uppsjávarskipa verði dýpkuð í 9,5 m. Leitað verði eftir fjárveitingu frá Vegagerðinni í þær framkvæmdir nú í haust. Áætlaður kostnaður vegna þessarar dýpkunar gæti verið á bilinu 50-60 m.kr.

Nefndin samþykkir að mæla með dýpkun smábátabryggjussvæðis og kostnaði sem henni fylgir.

Samþykkt samhljóða.

2. Útboð við viðgerðir á varnargarði við Bakkafjarðarhöfn

Lagðar fram niðurstöður nýs útboðs vegna viðgerða á varnargarði við Bakkafjarðarhöfn. Alls bárust fjögur tilboð, öll yfir áætlun, sem gerði ráð fyrir kostnaði að upphæð kr. 38.270.000. Lægsta tilboð kom frá fyrirtækinu Ístrukkur ehf. að upphæð kr. 40.430.469 eða um 5,6% yfir áætluðum kostnaði. Önnur tilboð voru hærri. Áætlaður kostnaður sveitarfélags er um 5-6 m.kr. eða 15% af áætluðum kostnaði án vsk.

Bókun um afgreiðslu: Hafnarnefnd mælir með samþykkt tilboðs frá Ístrukki ehf.

Samþykkt samhljóða.

3. Verðskrá hafna Langanesbyggðar 2021

Lagt fram yfirlit um verðbreytingar á gjaldskrá hafna í Langanesbyggð fyrir árið 2021. Gert er ráð fyrir 2,5% hækkun allra liða á milli ára.



Bókun um afgreiðslu: Nefndin mælir með samþykkt 2,5% hækkun verðskrár milli ára 2020 og 2021.

Samþykkt ...

4. Önnur mál

Olíuafgreiðsla á Bakkafirði. Rætt hefur verið við N1 um að koma olíuafgreiðslu við nýju flotbyggjuna.

Ákveðið að halda fund með útgerðaaðilum smábáta á Þórshöfn um breytingar á staðsetningu olíuafgreiðslu við höfnina.

Fundargerðin upplesin og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:25.